

Stefna skólans – skólastarfið - leiðarljós

Í Tjarnarskóla er mikil áhersla lögð á hvetjandi námsumhverfi og mannækt. Við viljum hvetja og styrkja nemendur okkar á uppbyggilegan hátt og stuðla að vellíðan þeirra í leik og starfi. Við byggjum á styrkleika hvers og eins og viljum mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Nemendur okkar læra öguð vinnubrögð, samvinnu og samábyrgð og áhersla er lögð á góða hegðun, kurteisi og háttvísi. Áhersla er lögð á að nemendur leggi góðan grunn að því að verða færir um að taka góðar ákvarðanir. Gott samstarf, á milli allra þeirra sem koma að menntun og uppeldi nemenda okkar, er okkur mikilvægt. Mikil áhersla er lögð á gott upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um sem flesta þá þætti er lúta að velferð nemenda og þátttöku í skólastarfinu.



Markmið – áherslur - leiðarljós

Líðan nemenda og starfsfólks

- Nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum.
- Jákvætt og hvetjandi andrúmsloft sem er um leið uppbyggilegt og hrósandi.
- Mannækt í sem víðasta skilningi.

Góð grunnmenntun – einstaklingsmiðað nám

- Góð grunnmenntun og undirbúningur fyrir lífið og tilveruna.
- Sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur temji sér góðar námsvenjur.
- Nemendur fái viðfangsefni sem þjálfar allar tegundir greindar (fjölgreind) og úrvinnslu.
- Hvetjandi námsumhverfi fyrir nemendur.
- Vera fundvís á styrkleika einstaklinga.
- Styrkja einstaklinginn sem manneskju á faglegan hátt.
- Skipulagning skólastarfsins taki ávallt mið af því að einstaklingurinn sé í fyrirrúmi.

Mannrækt

- Samvinna/samhjálp nemenda – samvinna árganga.
- Samábyrgð nemenda og verkaskipting.
- Góð hegðun, samfélagsfærni, háttvísi og kurteisi, hvar sem nemendur koma fram á vegum skólans.
- Þjálfun í jákvæðum samskiptum.
- Heilbrigðir lífshættir.

Námsumhverfi

- Rólegt/áreitalítið námsumhverfi.
- Góður ytri aðbúnaður og öryggi.

Samstarf

- Gott samstarf; milli skóla og heimilis.
- kennara og nemenda.
- innan kennarahópsins.
- nemenda og foreldra.